

Fundur 14.3.2022 Georges Bizet tónskáld

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Komið þið sælir Íslendingar, langt er síðan ég kom í gegn í sambandið, og finnst mér æfinlega jafn skrítið og skemmtilegt að til sé stjörnusambandsstöð á gamla hnettinum sem komin er áleiðis á lífsstefnu brautina og með Nýalsstefnu skilning.

Svo margir sem við tölum við á þessum hnetti og á frumlífs hnöttum sem ekki hafa uppgötvað þessi mál.

Ég hef notið þess að koma í gegn á ykkar fundum og fundið kærleika og lífsorku og hef ég talið mikilvægt að gamla jörðin mín nái framförum í þessu málefni og verði fyrst þeirra fjölmörgu frumlífs jarða sem við tölum við, sem eru á svipuðu þroskastigi í okkar Alheimi og vetrarbraut sem myndu komast út úr helstefnunni á lífstefnuna.

Finnst mér æfinlega jafn ánægjulegt að greina frá lífinu hér og hversu miklar framfarir hafi orðið í lífstefnu áttina og er ég enn þá að sinna sama starfi og ég sinnti á jörðunni nema hér hefur menningin meira færst í lífstefnu áttina.

Og segja má að list mín hafi enn þá meira hjálpað mönnunum til að öðlast aukna göfgi og hæfileikar mínir notið sín betur.

Var ég um stund í þessu framlífi mjög áhugasamur um hvað því olli að ég varð skammlífari í frumlífi mínu en ég hefði óskað og var það stórkostlegt þegar við fengum sambönd í okkar stjörnusambandsstöð og fræðslu sambönd um það hvernig helstefnu öfl þau sem voru ríkjandi í mínu jarðlífi, fylgdust með öllum þeim lífstefnu hræringum sem urðu og reyndu að stöðva og hindra þær og þar með talið líkamsástand okkar sem reyndum að bæta gleði og orku samborgara okkar.

Hef ég stuðlað að samræmi og samhæfingu orkustöðvanna í manninum og hef ég orðið hér meðvitaðri um áhrif tónlistarinnar og hvernig hún getur hjálpað manninum að komast á æðra orkustig án þess að hann viti af því sjálfur.

En einnig hef ég fylgst með menningu ykkar af athygli eins og mér hefur verið unnt og ekki alltaf verið skemmt og teljum við að það sé langt í land að koma á því fullkomna samræmi sem ríkti á meðan ég var á jörðinni í listum og sköpun.

Og tökum við því heils hugar undir með Helga Pjeturss og fleiri leiðtogum og frumkvöðlum á frumlífs hnöttunum sem sögðu að helstefna væri ríkjandi og aðeins Nýalsstefnan gæti breytt stefnunni í lífstefnuna.

Hef ég orðið þeirrar gæfu og ánægju aðnjótandi að eiga mörg samtöl við Helga Pjeturss í stjörnusambandsstöðvum þeim sem ég hef heimsótt á mínum framlífs hnetti og eru þær fjölmargar hér og segja má að hver einasta þjóð hafi tekið þessum málum opnum örmum.

Já,

*Varst þú við tónlistina?*

Já, ég gerði það og hef eflst í framlífi í þeim efnum og hef enn meira sinnt þessu starfi og ætlaði ég einmitt að segja það núna að ég finn fyrir einhverjum hæfileikum hér nálægt mér og áhuga á þessu efni og gæti verið að ég gæti magnað þá sem eru opnir fyrir slíku.

En einnig vil ég minnast á það að Íslendingar þurfa að eignast tónskáld á heimsmælikvarða sem taka upp þráðinn þar sem hann var látinn niður falla.

Ætla ég að reyna að segja nafn mitt, veit ég ekki hvort ég geti haldið mikið áfram upp á vantar orkuna.

Georges Bizet,

*Já velkominn.*

Komið þið sælir, gaman að heyra í ykkur og margt af minni þjóð að segja í framlífi.

Verð ég að koma síðar og margt að segja og margir af minni þjóð sem vilja við ykkar tala en finn orkuna dvína en þakka ég fyrir og reyni að koma aftur við tækifæri.

Verið þið sælir og þakka ég fyrir.

*Við þökkum þér fyrir komuna vertu sæll.*